

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Fundargerð 88. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 31. ágúst 2012 haldinn á Kaffi Riis, Hólmavík kl. 12:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Kristján Jóakimsson, Jón Reynir Sigurvinson og Jón Hörður Elíasson.

Dagskrá:

1. Fiskeldi veiting starfsleyfa til fiskeldis
2. Umhverfisráðuneyti
3. Umhverfisstofnun
4. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti
5. Matvælastofnun
6. Skipulagsmál
7. Sveitarfélög
8. Úr eftirliti
9. Starfsleyfi fyrirtækja
10. Tækifærisleyfi
11. Tóbakssöluleyfi
12. Önnur mál

Veiting starfsleyfa til fiskeldis

1. Útgáfa starfsleyfa fyrir fiskeldi, stjórnýsla, svar Umhverfisstofnunar við fyrirspurn Fiskistofu vegna fiskeldis. *Í svari Umhverfisstofnunar til Fiskistofu kemur fram að stofnunin er ósammála þeirri túlkun á lögum sem fram kemur í álitsgerð Gunnars Sæmundssonar hrl varðandi það að veita einungis leyfi fyrir einni staðsetningu. Afstaða Umhverfisstofnunar er sú að ekki sé útilokað að starfsleyfi einnar fiskeldisstöðvar geti haft fleiri en eina staðsetningu. Samanber 19. gr laga nr 7/1998 er það hlutverk Umhverfisstofnunar að vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits í landinu. Heilbrigðisnefndir eru sjálfstæð stjórnvöld sem heyra ekki undir boðvald Umhverfisstofnunar. Stofnunin getur því beint ábendingum til nefndanna og gefið út viðmiðanir og álit en ákvarðanir nefndarinnar verða ekki bornar undir stofnunina. Varðandi afstöðu gagnvart tengdum aðilum beri að sækja fremur um eitt leyfi til stofnunarinnar í stað þess að hver um sig sæki um allt að 200 tonna leyfi á sama svæði til heilbrigðisnefndar, þá telur Umhverfisstofnun hvorki heimildir vera fyrir heilbrigðisnefnd að synja umsókn á slíkum forsendum né fyrir Umhverfisstofnun að gera kröfu um að menn sæki um leyfi til stofnunarinnar.*
2. Bréf Umhverfisstofnunar til Fiskistofu um staðsetningar í starfsleyfi vegna fiskeldis Austfjörðum ehf. *Í bókun kemur fram að Umhverfisstofnun telji það form að tilgreina aðeins einn GPS punkt ónákvæmt og óljósa afmörkun athafnasvæða. Til að skýra mörk svæða í starfsleyfi er sett niður 300 m radíus frá GPS punkti og þó þannig að kvíar séu staðsettar innan netalagna.*
3. Bréf Skipulagsstofnunar til Fiskistofu. Umfang fiskeldis í Skutulsfirði, umsögn Skipulagsstofnunar. *Skipulagsstofnun telur ámælisvert ef fyrirtæki koma sér hjá að hlýta opinberum ákvörðunum um matskyldu framkvæmda en bendir á að Skipulagsstofnun*

hafi engin lagaleg úrræði til að fá þau til málsmeðferðar. Væntanlegar breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000 gerir ráð fyrir tilkynningarskyldu fyrir allt eldi til Skipulagstofnunar.

4. *Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að endurskoða verkferil við útgáfu starfsleyfa fyrir fiskeldi þannig að mögulegt verði að gefa út starfsleyfi fyrir fiskeldi allt að 200 tonnum með fleiri en einni staðsetningu.*

Umhverfisráðuneyti, bréf til kynningar:

5. Tímabundin undanþága fyrir Sorpsamlag Strandasýslu til að starfa þar til starfsleyfi hefur verið gefið út eða til 15. september 2012.
6. Staðfesting á samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla í Ísafjarðarbæ: Bréf dagsett 2. júlí 2012.
7. Staðfesting á samþykkt um hundahald í Vesturbyggð: Bréf dagsett 1. júlí 2012
8. Ósk um undanþágu frá starfsleyfi fyrir mjölverksmiðju Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur. Erindinu hafnað, en til að gefa Rækjuverksmiðjunni Kampa ráðrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum er undanþága veitt til 15. júlí 2012.
9. Ósk um umsögn um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Vatneyrarhlíðum, Patreksfirði. Erindinu hafnað.
10. Útgáfa landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013-2024
11. Undanþága frá starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar á Ísafirði, *gefið út með skilyrðum og skal stöðin vera undir eftirliti UST á undanþágutímanum. Undanþágan gildir þar til notkun eldri stöðvar er lokið, en eigi lengur en til 31. mars 2013.*

Umhverfisstofnun bréf til kynningar:

12. Drög að starfsleyfistillögu fyrir birgðastöð Olíudreifingar ehf., ósk um umsókn.
13. Teikningar og umsögn um olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Mávagarði
14. Kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir Olíudreifingu ehf Ísafirði.
15. Eftirlit með olíubirgðastöð Skeljungs í Bolungarvík.
16. Reglubundið eftirlit UST í olíubirgðastöð Olíudreifingar á Patreksfirði
17. Áminning og krafa um úrbætu, Kubbur ehf., til að skila magntölum úrgangs.
18. Magntölur úrgangs, gögn móttækin frá Kubbi
19. Magntölur úrgangs, gögn móttækin Bolungarvík
20. Magntölur úrgangs, gögn móttækin Sorpsamlag Strandasýslu
21. Magntölur úrgangs, gögn móttækin, úrgangur frá Vesturbyggð
22. Áætlun móttækin og frestur til úrbóta veittur vegna urðunarstaðar Bolungarvíkurkaupstaðar
23. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis fyrir urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu í landi Skeljavíkur.
24. Umsögn Orkustofnunar um drög að tillögu að starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi Dýrfisks ehf á þremur svæðum í Dýrafirði. *Orkustofnun leggur til að öll leyfin verði staðsett þar sem dýpi er meira en 30 m þar til rannsóknarniðurstöður liggja fyrir, sem segja til um kalkþörunga og kalkþörungaset.*
25. Endurskoðun ákvörðunar Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir kvíaeldisstöð Arnarlax ehf í Arnarfirði.

26. Eiturefnahópur Ust og Hes. Könnun á merkingum efnavara í Byggingarvöruverslunum. Unnið nóvember 2012 til febrúar 2013. *Ef ný efnalög fara óbreytt í gegnum þingið verður þetta verkefni ekki lengur hjá heilbrigðiseftirliti.*
27. Starfsleyfismál vegna verksmiðju sem framleiðir mjöl úr rækjuskel.
28. Umsjón með starfsleyfi vegna verksmiðju sem framleiðir mjöl úr rækjuskel. *Heilbrigðisnefnd falið að vinna starfsleyfi fyrir verksmiðju sem framleiðir mjöl úr rækjuskel. Heilbrigðisnefnd gefur út tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemina og þar til búið verður að vinna endanlegt starfsleyfi fyrir starfsemina.*
29. Reglubundið eftirlit með urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu.
30. Móttökuaðstaða fyrir úrgang í höfnum

Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti –Lög reglugerðir og bréf til kynningar:

31. Lög um breytingu á lögum um matvæli nr 93/1995 ásamt reglugerðarbreytingu á reglugerð nr.104/2010- Möffinslög.
32. Reglugerð nr 580/2012 um framleiðslu og markaðsetningu, aðila undir smáræðismörkum þ.e. þar sem starfsemin er ekki samfelld og ekki rekin í eigin hagnaðarskyni, á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda og staðbundinna smásölufyrirtækja.
33. Reglugerð um notkun Skráargatsins

Matvælastofnun bréf til kynningar:

34. Fundargerð matvælahóps
35. Leiðbeiningar um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs.
36. Innköllun af markaði Kötlu sítrónudropar vegna aðskotahlutar
37. Tilkynningarskyld matvælafyrirtæki í frumframleiðslu matjurta.
38. Matvæli úr dýraríkinu og fóður, áhættuflokkun
39. Matvælastofnun hefur nú gefið út leiðbeiningar um reglugerð 135/2010 (2073/2005/EB) örverufræðileg viðmið.
- 40. Samantekt matvælaeftirlits HV fyrir árið 2011.** *Fjöldi eftirlitsstaða vegna matvælaeftirlits heilbrigðiseftirlits Vestfjarða eru 258 af þeim voru 210 heimsóttir í 264 heimsóknum. Tekin voru 121 sýni af matvælum og neysluvatni. Af 113 sýnum af neysluvatni voru 29 yfir leyfilegum mörkum.*
41. Sölustöðvun og innköllun á Gott fæði ehf., couscous vegna vanmerkinga
42. Innköllun og sölustöðvun á Chello Forte og Chello Forte +D vítamín.
43. Innköllun af markaði: Ómerktir ofnæmis- og óþolsvaldar á umbúðum „Krónu Lambakrebenettur“.
44. Innköllun og sölustöðvun á pizzudeigi (flatböku) merкта Svansbakaríi vegna vanmerkingar.
45. Innköllun á sushi vegna vanmerkingar
46. Innköllun og sölustöðvun á ítölsku kexi vegna vanmerkingar
47. Óheimil dreifing á kræklingi frá Hvalfirði til neytenda?
48. Innköllun 29. maí á turmerik kryddi vegna Salmonellumengunar, í kjölfar tilkynningar frá Rasff-tilkynningakerfinu
49. Sölustöðvun og innköllun af markaði, tilkynning um aðgerðir frá Heilbrigðiseftirlitinu á Suðurnesjum vegna vanmerktra humarhala m.t.t. ofnæmis- og óþolsvalda.
50. Sölustöðvun á fæðubótarefnum sem seld eru á netinu, muscle Pharm á Íslandi

Skipulagsmál:

51. Vestfjarðavegur 60, Bjarkarlundur – Melanes, kynning á drögum að tillögu að matsáætlun
52. Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar, Krossholti/Langholt
53. Deiliskipulag vegna frístundabyggðar í Vesturbotni, Vesturbyggð.
54. Deiliskipulag af miðbæ og hafnarsvæði á Þingeyri, Ísafjarðarbæ.
55. Deiliskipulag á Ingjaldssandi, Ísafjarðarbæ.
56. Deiliskipulag vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, deiliskipulag fyrir Þórisstaði.

Úr eftirliti:

57. Sýnataka af vatni fyrir samevrópskt verkefni þar sem verið er að kanna hnattræna útbreiðslu ákv. mengunarefna.
58. Ályktun Búnaðarsambands Vestfjarða um förgun fiskúrgangs í sjó.
59. Kvörtun íbúa á Suðureyri vegna nálægðar við Krúvarp
60. Ósk Umhverfismálaráðs Bolungarvíkur um hávaðamælingu vegna nálægðar gistihúsa við atvinnustarfsemi.
61. Listi yfir fyrirtæki sem fengið hafa eftirlit 1. júlí 2012
62. **Áminning og krafa um úrbætur** vegna hrognavinnslnnar Gellur og kinnar, Krossholti Barðaströnd Hlynur fór í eftirlit í lok júlí, úrbætur höfðu farið fram og máli lokið af hálfu heilbrigðiseftirlits.
63. **Áminning og krafa um úrbætur** vegna umgengni utandyra á sorpsvæði Reykhólahrepps, Króksfjarðarnesi. Miklu af rafgeymum og öðrum úrgangi hefur verið sturtað á svæðið.
64. Veitingastofan Tígull ehf Tálknafirði **Áminning og krafa um úrbætur** vegna óþrifa og óreiðu.
65. **Áminning og krafa um úrbætur** Tálknakjör ehf, Tálknafirði vegna ófrágengis bakrýmis.
66. **Áminning og krafa um úrbætur** vegna umgengni og frárennslis við grásleppuverkunina Létthöfða, Gjögri.
67. Sundlaugar, vatn í Flókalaug 2012 ólag á klórblöndun og vatnið stóðst ekki kröfur.
68. Félagsbúið í Vigur, neysluvatn stenst ekki kröfur vegna saurgerla
69. Niðurstöður gerlarannsóknna úr Norðurfirði. Kaffi Norðurfjörður, krafa um vatnssuðu vegna saurgerla
70. Niðurstöður gerlarannsóknna af neysluvatni hjá Urðartindi ehf., krafa um vatnssuðu vegna saurgerla
71. Niðurstöður gerlarannsóknna af neysluvatni úr gistiskála Ferðafélags Íslands í Norðurfirði, krafa um vatnssuðu vegna saurgerla

Starfsleyfi fyrirtækja:

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

500804-2460	Smáalind ehf	Vesturbyggð	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. Kjötsögun, grillun á kjúklingum)
-------------	--------------	-------------	---

680169-5949	KSH Norðurfirði	Árneshreppur	Matvöruverslun án vinnslu, lítil
530700-2320	Vatnsveita Flateyjar	Reykholahreppur	Vatnsveitur, einka
600505-1650	Kaffi Riis ehf	Strandabyggð	Skemmtistaðir með matsölu
540308-0120	Sveitasæla ehf - Edinborg	Ísafjörður	Krár, kaffihús með matsölu
120358-3409	Faktorshúsið - Elísabet	Ísafjörður	Krár, kaffihús með matsölu
630269-4589	Súðavíkurhreppur	Súðavíkurhreppur	Vatnsveitur <1.000 íbúa
550206-0800	Plássíð ehf	Reykholahreppur	Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)
660412-0930	Besti Bitinn ehf	Vesturbyggð	Krár, kaffihús með matsölu
531108-0350	Náttúrugripasafn Bolungarvíkur	Bolungarvík	Krár, kaffihús án matsölu (lítill starfsemi >50 gestir)
410949-0169	Stjarnan ehf - Subway	Ísafjörður	Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)
450911-0890	Stúkuhúsið ehf	Vesturbyggð	Krár, kaffihús án matsölu (lítill starfsemi >50 gestir)
540311-1610	Ögurtravel	Ísafjörður	Krár, kaffihús með matsölu
580209-1570	Sauðfjársetur á Ströndum	Strandabyggð	Krár, kaffihús án matsölu (lítill starfsemi >50 gestir)

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

550305-1350	Lokinhamrar ehf	Vesturbyggð	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
410200-2280	Gistihúsið við Fjörðinn	Ísafjörður	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu
260666-2319	Judith Penrod	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
630101-2040	Ferðaðjónustan Kirkjuból	Strandabyggð	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu
630269-4589	Súðavíkurhreppur_Tjald	Súðavíkurhreppur	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið
700508-0640	Kirkjuból, Korpudal - Nývaki	Ísafjörður	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu
530106-1600	Gistiheimilið Bjarmalandi ehf	Tálknafjarðarhreppur	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
640512-0910	Stiklusteinar ehf	Vesturbyggð	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
050871-5769	Skemman Líkamsrækt	Bolungarvík	Líkamsræktarstöðvar, litlar
520885-0219	Suðurverk hf	Vesturbyggð	Starfsmannabúðir <16 manns

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

520885-0219	Suðurverk hf	Vesturbyggð	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu
510795-2109	Véla-og bílaþjónusta Kristjáns ehf	Ísafjörður	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa 1 ár.

670696-0190	Matís ohf - eldiskvíar	Vesturbyggð	Land- og kvíaeldi
130948-3679	Jens H. Valdimarsson	Vesturbyggð	Land- og kvíaeldi

Brennuleyfi:

72. Mýraboltafélag Íslands	04.08.2012
73. Áhugamannafélagið um Bláberjadaga	25.08.2012
74. Tálknafjarðarhreppur- Bæjarhátíð	27.07.2012

Skoteldasýningar:

75. Björgunarfélag Ísafjarðar, Verslunarmannahelgi 04.08.2012
76. Sigurður Gíslason, 90 ára afmæli 11.08.2012

Tækifærisleyfi:

77. Bryggjuhátíðin á Drangnesi 21.07.2012
78. Reykhólahreppur 28.07.2012
79. Umf. Leifur heppni, Árnesi 04.08.2012
80. Kvenfélagið Von, Dýrafjarðardagar 29.06.2012
81. Strandabyggð, Hamingjudagar 30.06.2012
82. Mýraboltafélag Íslands, Eimskipsplan 05.08.2012

Tóbakssöluleyfi:

83. Kaupfélag Steingrímsfjarðar 5 undanþágur
84. Hamóna , Þingeyri 2 undanþágur
85. Flókalundur 3 undanþágur
86. Besti Bitinn ehf Tóbakssöluleyfi
87. Ferðaþjónustan Reykjanesi Tóbakssöluleyfi
88. Hólakaup Tóbakssöluleyfi

Önnur mál til kynningar:

89. Fundur í vatnasvæðanefnd 11. apríl
90. Vorfundur Heilbrigðiseftirlits með Umhverfistofnun og Matvælastofnun og viðeigandi ráðuneyti, haldinn á Siglufirði 8-9 maí
91. Vottorð um skipaskoðun 3. maí 2012.
92. Starfsleyfisvottorð fyrir útflutning á salti til Kína fyrir Saltverk ehf.
93. Heilbrigðisvottorð fyrir Hafkalk ehf.
94. Taiex námskeið um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum. Anton og Hlynur sátu námskeiðið.

Fundadagskrá:

- | | | |
|-----------|--------------|--|
| 4. fundur | 31. ágúst | Fundur í Strandabyggð um sumarverkefni |
| 5. fundur | 5. október | Fjárhagsáætlun. |
| 6. fundur | 7. desember. | Viðbrögð við fjárhagsáætlun |